

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR FLUGELDASÝNINGU

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

kt. 5206023050

Ábyrgðaraðili: Flugbjörgunarsveitin á Hellu, kt. 4107750269
Skotstjóri: Stefán Smári Ásmundarson, kt. 051288 2629

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|---|---------------------|----------|
| 1.1 | Leyfið tekur til flugeldasýningar á Rangárbökkum á Hellu, Rangárþingi ytra, 31. desember 2022 frá kl. 17:00 - 19:30, með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða <i>um hollustuhætti og mengunarvarnir</i> hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum. | 550/2018 5. gr. | |
| 1.2 | Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt. | 550/2018 56. gr. | |

2. SKILYRÐI

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|---|--|----------|
| 2.1 | Leyfi Heilbrigðisnefndar Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögregluvalda fyrir sýningunni. | 414/2017 14. gr. | |
| 2.2 | Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði. | 724/2008 | |
| 2.3 | Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu. | 414/2017 14. gr. | |
| 2.4 | Sjá skal um að skotsvæði sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun. | 414/2017 15. gr. og rgl. nr. 737/2003 | |

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Selfossi, 13. desember 2022

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

Rangárþing ytra

kt. 5206023050

Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella

vegna flugeldasýningar þann 31. desember 2022.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 7. nóvember sl. umsókn Eiríks Vilhelms Sigurðarsonar, kt. 1009892479, f.h. Rangárþings ytra, kt. 5206023050, um tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á Rangárbökkum á Hellu kl. 17:00 – 19:30.

Móttaka umsóknarinnar var auglýst 10. nóvember sl. á heimasíðu embættisins, www.hsl.is. Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi er að ræða og starfsemin hvorki bygginga- eða framkvæmdaleyfis skyld, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.